# Umhverfis- og skipulagsráð 11. mars 2026

## Deiliskipulag Suðurlandsvegar

### Frá Bæjarhálsi að sveitarfélagamörkum við Mosfellsbæ nálægt Hólmsá

**Athugasemdir og svör við athugasemdum**

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju  tillaga um nýtt deiliskipulag fyrir tvöföldun Suðurlandsvegar.  Uppdráttur og greinargerð með deiliskipulagstillögu eru dagsett þann 23. janúar 2025. Greinargerð og uppdráttur voru uppfærð þann 19. febrúar 2026

**Tillagan var auglýst frá 3. júlí 2025 – 15. ágúst 2025**

Reykjavík

# Staðsetning



Reykjavík

# Afmörkun




Reykjavík

# Meginmarkmið

- Tvöföldun Suðurlandsvegar eykur umferðaröryggi og bætir flæði með aðskildum akstursstefnum.
- Verkið er hluti af stærra verkefni sem er breikkun vegarins frá Hádegismóum að Hveragerði
- Vegtengingum verður fækkað og gert ráð fyrir samfelldu stígakerfi fyrir göngu, hjóla og reiðleiðir.
- Gatnamót verða í plani, í samræmi við 1. og 2. áfanga framkvæmdarinnar.
- Pláss tekið frá fyrir mislæg gatnamót til framtíðar við 3., 4. og 5. áfanga framkvæmdarinnar.



Reykjavík

# Tillagan var auglýst frá 3. júlí 2025 – 15. ágúst 2025




Reykjavík

# Umsagnir bárust frá eftirfarandi aðilum:

1. Mosfellsbæ
2. Landsnet
3. Skógræktarfélagi Reykjavíkur
4. Hestamannafélagið Fákur o.fl.
5. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar
6. Vegagerðin
7. Veitur
8. Heilbrigðiseftirlit v/Framkvæmdanefndar Vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu
9. Náttúruverndarstofnun
10. Land og skógur
11. Landssamtök hjólreiðamanna
12. Hafrannsóknarstofnun
13. Minjastofnun
14. Samúel Torfa Péturssyni
15. Sigurði Njarðvík Þorleifsyni v/Dísardalslands
16. Arnar Ingi Ingvarsson v/Hólms og Bakkakots
17. Vali Þór Norðdahl v/Hólms og Bakkakots
18. Sveinbjörn Gudjohnsen v/Baldurshagalands 52 lóð
19. Sveinbjörn Gudjohnsen v/Baldurshagalands 52 tengivegur
20. Ingunn Svala Leifsdóttir v/Olís

# Almennt ganga ábendingarnar út á:

- Leiðarval og útfærslur
- Náttúruvernd og áhrif á verndarsvæði
- Kvaðir og helgunarsvæði veitna
- Minjar
- Hljóðvist og upplifun á útivistarsvæðum
- Göngu hjóla og reiðleiðir

**Allar athugasemdir og svör**

| Nr. | Umsögn/Umsagnaraðili | Svör Reykjavíkurborgar |
|---|---|---|
| 1. | **Mosfellsbær** | |
| 1.1. | Bent er á að undir kafla 3.5 um aðliggjandi hverfis- og deiliskipulagsáætlanir hefði þótt æskilegt að tilgreina samþykkt deiliskipulag Suðurlandsvegar frá Fossvöllum að Hólmsá, innan Mosfellsbæjar og Kópavogs, samþykkt 15.05.2023. Um er að ræða deiliskipulag sömu framkvæmdar um tvöföldun Suðurlandsvegar og snerta mörk fyrirliggjandi tillögu. | Í upphafi kafla 3.5. segir: „*Alls liggja 9 samþykkt deiliskipulagssvæði að þessum vegkafla Suðurlandsvegar innan Reykjavíkur* ***auk þess sem deiliskipulag er í gildi innan Mosfellsbæjar fyrir áframhald Suðurlandsvegar til austurs***." Bætt verður við umfjöllun um samræmi milli deiliskipulagsáætlananna. Markmiðið er að tryggja samfellu og samræmi í skipulagsáætlunum sveitarfélaganna þannig að veglínan liggi skýrt fyrir sem hluti af heildaruppbyggingu Suðurlandsvegar |
| 1.2 | Þá telur skipulagsfulltrúi rétt að sýna á skýringaruppdrætti skipulagsins punktalínu áframhaldandi tvöföldunar í átt að Hólmsá, þar sem deiliskipulag liggur þegar fyrir. | Punktalínu áframhaldandi tvöföldunar til austurs verður bætt á uppdrátt. |
| 2. | **Landsnet** | |
| 1. | Í kafla 1.3 eru umsagnaraðilar tilgreindir en Landsnet er ekki þar á meðal og fyrirtækinu barst ekki beiðni um að veita umsögn á fyrri stigum skipulagsgerðarinnar | Óskað var eftir umsögn frá Landsnet við auglýsta tillögu en með réttu hefði verið gott að óska einnig eftir umsögn við skipulagslýsingu. |
| 2. | Um skipulagssvæðið liggja *Hamraneslínur 1 og 2* sem eru á vegum Landsnets en þær eru mikilvægur hluti flutningskerfis rafmagns á landinu. Um er að ræða 220 kV loftlínur sem þvera Suðurlandsveg. Á uppdrætti skipulagstillögunnar er háspennulína sýnd og helgunarsvæði afmarkað. Breidd helgunarsvæðis er ekki tilgreind, hvorki á uppdrætti né í greinargerð. Ganga þarf því úr skugga um að breidd helgunarsvæðis á uppdrætti sé í samræmi við reglur. Einnig þarf að samræma tákn fyrir línuna á uppdrætti og í skýringum hans | Gengið verður úr skugga um að afmörkun helgunarsvæðis Hamraneslína 1 og 2 á skipulagsuppdrætti sé í samræmi við gildandi reglur. Breidd helgunarsvæðisins verður skýrð bæði á uppdrætti og í greinargerð deiliskipulagsins.<br>Jafnframt verða tákn og framsetning loftlínanna samræmd milli skipulagsuppdráttar og skýringa hans, þannig að framsetning sé skýr.<br>Við endanlega afmörkun og framsetningu helgunarsvæðis verður farið eftir ákvæðum reglugerðar nr. 678/2009 um raforkuflutning, sem kveður á um öryggis- og helgunarsvæði loftlína og haft samráð við Landsnet afmörkun helgunarsvæðisins. |
| 3. | Setja þarf ákvæði um umgengni og framkvæmdir á og við helgunarsvæði línanna. Einnig er mikilvægt að sett verði ákvæði um að samráð skuli haft við Landsnet vegna framkvæmda nærri þeim. | Í kafla 4.12 er ákvæði um að hafa skuli samráð við veitufyrirtækin við alla hönnun og framkvæmdir vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar. Samráð við Landsnet verður tryggt í verkhönnun og framkvæmdaleyfisferli, í samræmi við ákvæði 7. gr. í reglugerð um framkvæmdaleyfi. |
| 4. | Landsnet telur æskilegt að sýna legu Rauðavatnslínu 1 sem er 132 kV jarðstrengur á deiliskipulagsuppdrætti. Markmiðið með því er að fyrirbyggja skörun mögulegra framkvæmda við helgunarsvæði strengsins og tryggja öryggi. | Rauðavatnslínu 1 og 11 m helgunarsvæði hennar verður bætt á uppdrátt. |
| 5. | Í 4. kafla greinargerðar skipulagstillögunnar er fjallað um möguleg mislæg gatnamót, nýjar brýr og undirgöng. Í kafla 4.8 kemur fram að breikka þurfi tvær brýr yfir Hólmsá/Bugðu. Landsnet bendir á að önnur þessara brúa liggur innan helgunarsvæðis Hamraneslína. Mikilvægt er að fullt tillit verði tekið háspennulína og helgunarsvæðis þeirra við útfærslu mannvirkja nærri þeim | Í kafla 4.12 er ákvæði um að hafa skuli samráð við veitufyrirtækin við alla hönnun og framkvæmdir vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar. |
| 3. | **Skógræktarfélag Reykjavíkur** | |
| 1. | Skógræktarfélag Reykjavíkur gerir alvarlegar athugasemdir við að í skipulagstillögunni sé unnið út frá valkosti 2, sem felur í sér að umferð frá Heiðmörk til vesturs þurfi að aka í krók til austurs að hringtorgi við Hafravatnsveg áður en haldið er vestur. Þetta lengir akstursleið gesta um allt að 3 km. Tillaga 1 sem gerir ráð fyrir vegtengingu beint til vesturs út Heiðmörkinni er mun heppilegri að mati félagsins.<br>Nærri 500 bílaumferðir eiga sér stað daglega frá Heiðmörk. Með lengingu um 3 km á hverja ferð samsvarar það 1.500 km daglega, eða um 500.000 km á ári. Áætlaður aksturskostnaður vegna þessa nemur rúmlega 60 milljónum króna á ári, auk umtalsverðrar aukningar í kolefnislosun, sem nemur áætlað hundruðum tonna af $CO_2$ á ári. Þetta stangast á við markmið borgarinnar um loftslagsmál, hagkvæmar samgöngur og sjálfbæra þróun. Þá mun lengri akstur sjúkrabíla eða annara viðbúnaðaraðila úr Heiðmörkinni tryggja minna öryggi þeirra sem þurfa á slíkri aðstoð að halda.<br>Tillagan brýtur einnig gegn meginmarkmiðum í stefnu Reykjavíkurborgar um lýðheilsu, jafnt aðgengi og græn svæði, m.a. eins og þau birtast í stefnu um Græna trefilinn og Heilsuborgarstefnu. Þar er lögð áhersla á að íbúar hafi | Reykjavíkurborg þakkar Skógræktarfélagi Reykjavíkur fyrir ítarlegar athugasemdir. Borgin tekur undir að valkostur 1 hefur kosti út frá akstursfjarlægð gesta frá Heiðmörk til vesturs og að styttri leið getur haft áhrif á tíma, kostnað og kolefnislosun.<br>Við val á lausn (valkosta) þarf þó að vega saman fleiri sjónarmið en aksturslengd, m.a. umferðaröryggi, heildstæðar tengingar fyrir virka ferðamáta (gangandi, hjólandi og ríðandi), framkvæmda- og rekstrarkostnað og áhrif á umhverfi og landnotkun. Í heildarmati verkefnisins er valkostur 2 talinn styðja betur við öruggar og samfelldar göngu-, hjóla- og reiðleiðir og samræmast markmiðum um öruggar og vistvænar samgöngur samkvæmt samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins.<br>Jafnframt er lögð sérstök áhersla á að bæta umferðaröryggi. Núverandi vegamót Heiðmerkurvegar og Suðurlandsvegar hafa verið metin viðsjárverð og brýnt að draga úr árekstrarhættu og alvarleika slysa með endurbótum á skipulagi, tilhögun og tengingum á svæðinu. Fækkun alvarlegra slysa telst mikilvægt lýðheilsumál og vegur þungt í heildarmati.<br>Í því samhengi má benda á að í íslensku slysakostnaðarmati eru viðmið um samfélagslegan heildarkostnað slysa mjög há. Samkvæmt skýrslu sem unnin var með styrk Vegagerðarinnar árið 2014 er áætlaður kostnaður hvers banaslyss um 659,6 m.kr. og hvers alvarlegs slyss um 86,4 m.kr. (á verðlagi 2013).<br>Þótt akstursvegarlengd skipti máli er því ljóst að jafnvel tiltölulega lítil bæting í öryggi (fækkun alvarlegra slysa) getur haft mjög veruleg samfélagsleg áhrif. |

# Helstu breytingar á uppdrætti eftir auglýsingu




- Lagfæringar og viðbætur á kvöðum fyrir lagnaleiðir veitna.
- Afmörkun veghelgunarsvæðis Suðurlandsvegar yfirfarin með Vegagerðinni.
- Ítarlegri upplýsingar um minjar og friðhelguð svæði þeirra t.a.m. gamlir vegir, götur og slóðar.
- Akstursleið til vesturs af bílastæði við Norðlingavað tekin út.
- Rauðavatnslínu 1 og helgunarsvæði hennar bætt á uppdrátt.
- Hljóðvarnir settar inn við Rauðavatnsskóg.
- Litamunur á göngu og hjólaleiðum gerður skýrari og minni breytingar á framsetningu á uppdrætti.

Reykjavík

# Helstu breytingar á uppdrætti eftir auglýsingu




- **Lagfæringar og viðbætur á kvöðum fyrir lagnaleiðir veitna.**
- **Afmörkun veghelgunarsvæðis Suðurlandsvegar yfirfarin með Vegagerðinni.**
- **Ítarlegri upplýsingar um minjar og friðhelguð svæði þeirra t.a.m. gamlir vegir, götur og slóðar.**
- Akstursleið til vesturs af bílastæði við Norðlingavað tekin út.
- Rauðavatnslínu 1 og helgunarsvæði hennar bætt á uppdrátt.
- Hljóðvarnir settar inn við Rauðavatnsskóg.
- Litamunur á göngu og hjólaleiðum gerður skýrari og minni breytingar á framsetningu á uppdrætti.

Reykjavík

# Helstu breytingar á uppdrætti eftir auglýsingu




- Lagfæringar og viðbætur á kvöðum fyrir lagnaleiðir veitna.
- Afmörkun veghelgunarsvæðis Suðurlandsvegar yfirfarin með Vegagerðinni.
- Ítarlegri upplýsingar um minjar og friðhelguð svæði þeirra t.a.m. gamlir vegir, götur og slóðar.
- **Akstursleið til vesturs af bílastæði við Norðlingavað tekin út.**
- **Rauðavatnslínu 1 og helgunarsvæði hennar bætt á uppdrátt.**
- Hljóðvarnir settar inn við Rauðavatnsskóg.
- Litamunur á göngu og hjólaleiðum gerður skýrari og minni breytingar á framsetningu á uppdrætti.

Reykjavík

# Helstu breytingar á uppdrætti eftir auglýsingu




- Lagfæringar og viðbætur á kvöðum fyrir lagnaleiðir veitna.
- Afmörkun veghelgunarsvæðis Suðurlandsvegar yfirfarin með Vegagerðinni.
- Ítarlegri upplýsingar um minjar og friðhelguð svæði þeirra t.a.m. gamlir vegir, götur og slóðar.
- Akstursleið til vesturs af bílastæði við Norðlingavað tekin út.
- Rauðavatnslínu 1 og helgunarsvæði hennar bætt á uppdrátt.
- **Hljóðvarnir settar inn við Rauðavatnsskóg.**
- Litamunur á göngu og hjólaleiðum gerður skýrari og minni breytingar á framsetningu á uppdrætti.

Reykjavík

# Helstu breytingar á uppdrætti eftir auglýsingu




- Lagfæringar og viðbætur á kvöðum fyrir lagnaleiðir veitna.
- Afmörkun veghelgunarsvæðis Suðurlandsvegar yfirfarin með Vegagerðinni.
- Ítarlegri upplýsingar um minjar og friðhelguð svæði þeirra t.a.m. gamlir vegir, götur og slóðar.
- Akstursleið til vesturs af bílastæði við Norðlingavað tekin út.
- Rauðavatnslínu 1 og helgunarsvæði hennar bætt á uppdrátt.
- Hljóðvarnir settar inn við Rauðavatnsskóg.
- **Litamunur á göngu og hjólaleiðum gerður skýrari og minni breytingar á framsetningu á uppdrætti.**

Reykjavík

# Helstu breytingar í greinargerð eftir auglýsingu

- Viðbætur um samræmi milli deiliskipulagsáætlana.
- Bætt í umfjöllun um veghelgunarsvæði og breidd þeirra.  Stærð, staðsetning og lögun settjarna getur breyst við hönnun.
- Umfjöllun bætt í greinargerð um forsendur breytinga á aðkomu og útakstri við þjónustustöð Olís.
- Bætt hefur verið við upplýsingum um skráningu minja,  tilgreint hvaða fornleifaskráningarskýrslu er vísað í og sagt frá þeim vettvangsrannsóknum sem fram hafa farið.
- Korti bætt við sem sýnir afmörkun Rauðavatns, votlendis, náttúrulegs birkiskógar og hrauns.
- Yfirliti yfir helstu breytingar frá auglýsingu bætt í greinargerð.




Reykjavík

# Niðurstaða

Í kjölfar auglýsingar hafa uppdrættir,skýringarmyndir og greinargerð verið uppfærðar

Lagt er til að tillagan verði samþykkt efnislega óbreytt, með framangreindum breytingum

Reykjavík




# Veglína

- Lagt er til að tvöfalda Suðurlandsveginn í óbreyttri planlegu. Ekki eru settir fram fleiri valkostir fyrir planlegu. Fyrir þessu eru ýmsar ástæður, m.a. að ytri aðstæður setja planlegu Suðurlandsvegar þröngar skorður alla leið frá Bæjarhálsi að Hólmsá.
- Þrengt vegsnið er notað við Rauðavatnsskóg/eldsneytisstöð til að lágamarka áhrif á skóginn.
- Tvöföldunin er gerð til norðurs.

Kort úr matsskýrslu framkvæmdar

Reykjavík




# Áhrif á Rauðavatnsskóg

- Hvorki tvöföldun vegarins né mislæg vegamót í framtíðinni koma til með að skerða Rauðavatnsskóg.
- Göngu- og hjólastígur mun sneiða framan af vestasta horni skógarins á um 100 m kafla.
- Gert er ráð fyrir hljóðvörn við Rauðavatnsskóg.

Reykjavík

Kort úr matsskýrslu framkvæmdar




# Hljóðvist

- Gert er ráð fyrir hljóðvörnum við öll hús sem þarf að verja gegn hávaða. Hljóðvarnir við Árbæ eru utan deiliskipulagssvæðis.
- Ekki er hægt að verja með „hefðbundnum“ hljóðvörnum efri hæðir húsa þar sem hljóðstig hækkar heldur þarf að beita byggingar-tæknilegum lausnum til að hljóðstig innandyra uppfylli viðmiðunarmörk reglugerðar um hávaða.

Reykjavík




# Landfylling í Rauðavatn

- Vegna vegtæknilegra atriða, umferðaröryggis, nýrra hitaveitulagna og byggðar er ekki hægt að flytja Suðurlandsveg fjær Rauðavatni.
- Stærð landfyllingar fyrir veg og stíga í 1. áfanga tekur mið af því að vegamótin geti orðið mislæg í framtíðinni. Ekki er æskilegt að raska strandlínu og lífríki Rauðavatns tvisvar.
- Aukinn lággróður við bakka og smáeyjar utan við vatnsbakkann eru aðgerðir líklegar til að mynda skjól fyrir ungviði frá vargi.

Reykjavík




# Fornminjar

- Minjar eru sýndar á uppdrætti.
- Fornleifafræðingar hafa sett fram leiðbeinandi mótvægisaðgerðir; fornleifaeftirlit með frekari rannsókn minja komi þær upp, girða minjar af og frekari fornleifarannsóknir í samráði við Minjastofnun.
- Við frekari hönnun er mögulegt að færa rampa, vegamót, stíga og verður það skoðað, en ekki verður hægt að færa veginn.

Reykjavík